

*Félags – og skólaþjónusta*  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella

---

**FUNDARGERÐ**

Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2023 var haldinn mánudaginn 22. maí 2023, klukkan 10.00 að Austurvegi 4 á Hvolsvelli.

Mætt eru með umboð sinna sveitarfélaga: Einar Freyr Elínarson Mýrdalshreppi (í gegnum Teams), Margrét Harpa Guðsteinsdóttir Rangárþingi ytra, Tómas Birgir Magnússon Rangárþingi eystra, Einar Kristján Jónsson Skaftárhreppi, og Helga Björg Helgadóttir Ásahreppi. Að auki sátu fundinn Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri FSRV, Anton Kári Halldórsson Rangárþingi Eystra, Sigríður Karólína Viðarsdóttir Rangárþingi eystra og Jóhannes Gissurarson Skaftárhreppi.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, varaformaður stjórnar, leitaði eftir athugasemdum við fundarboð, sem ekki komu fram, setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings 2022

Framkvæmdastjóri kynnti skýrslu félagsþjónustudeildar og skólaþjónustudeildar fyrir árið 2022. Berglind Hákonardóttir frá Pricewaterhouse Coopers kynnti ársreikninga byggðasamlagsins fyrir árið 2022 og fór yfir endurskoðunarskýrslu.

Aðalfundur staðfestir ársreikninga Félagsþjónustu og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu auk ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2022.

*Samþykkt samhljóða*

2. Kosning endurskoðenda

Gerð var tillaga að því að Pricewaterhouse Coopers sjái um endurskoðun fyrir byggðasamlagið.

*Samþykkt samhljóða*

3. Ákvörðun um laun stjórnar byggðasamlagsins

Gerð var tillaga að því að laun stjórnar fyrir hver fund verði 2% af þingfararkaupi fyrir almenna fulltrúa og 4% fyrir formann stjórnar.

*Samþykkt samhljóða*

4. Heiti byggðasamlagsins

*MHG  
HBA EKE  
R  
TBM*


Í því augnamiði að gera byggðasamlagið þjálfa í umræðu og einfalda ásýnd þess gagnvart íbúum sveitarfélaganna var lagt til að starfsfólki byggðasamlagsins verði heimilað að nota heitið Félags- og skólaþjónusta RVS og að logo byggðasamlagsins verði breytt í samræmi við það.

*Samþykkt samhljóða*

5. Önnur mál

Engin önnur mál rædd á fundinum


Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:55

  
\_\_\_\_\_

F.h. Skaftárhrepps

  
\_\_\_\_\_

F.h. Mýrdalshrepps

  
\_\_\_\_\_

F.h. Rangárfings eystra

  
\_\_\_\_\_

F.h. Rangárfings ytra

  
\_\_\_\_\_

F.h. Ásahrepps